

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 26. október kl. 13:00 var haldinn 296. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Guðjón Viðar Guðjónsson, í fjarveru Valgarðs Lyngdal Jónssonar og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir að hluta.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir SF 294 og SF 295. Fundargerðirnar samþykktar, undirritun frestað.
2. Klukkan 13:00 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins. Hann lagði fram og kynnti upplýsingar um stöðu fjármála. Einnig kynnti hann stöðu svokallaðra „viðspyrnuverkefna“, þ.e. þeirra auknu fjárfestinga sem stjórn ákvað að ráðast í vegna ástandsins í samfélaginu vegna Covid19.

Lögð fram áhættuskýrsla dags. 30.09.2020.

3. Klukkan 13:25 mætti Skúli Skúlason, framkvæmastjóri Þjónustu til fundarins og greindi frá stöðu vanskila og afskrifta, sem aukist hafa vegna Covid 19. Stjórn óskar eftir útfærðum tillögum að aðgerðum á næsta fundi.
4. Ingvar Stefánsson lagði fram og kynnti rýni aðsemissstefnu. Hann lagði til breytingar á stefnunni. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða, með breytingu. Einnig kynnt rýni arðgreiðslustefnu og lögð til breyting á stefnunni, sem stjórn hafði áður fjallað um. Stefnan borin upp og samþykkt með breytingu með atkvæðum Brynhildar, Gylfa, Sigríðar Rutar og Guðjóns. Hildur og Eyþór sitja hjá. Ásgeir Westergren, forstöðumaður Fjár- og áhættustýringar og Gísli Björn Björnsson sérfræðingur í fjár- og áhættustýringu mættu til fundarins klukkan 13:50, lögðu fram og kynntu áhættustefnu. Lagt til að stefnan yrði óbreytt. Stefnan rýnd og samhljóða samþykkt óbreytt.
5. Elín Smáradóttir lagði fram minnisblað dags. 26. október 2020, umfjöllun um erindi Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, dags. 23. september 2020, um skipan stjórnar dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur, en stjórn óskaði eftir afstöðu stjórnenda til málsins á SF 294. Umræður. Stjórn samþykkir að fela Eyþóri Laxdal Arnalds og Sigríði Rut Júlíusdóttur að afla utanaðkomandi greiningar á mismunandi valkostum ásamt kostum og göllum þess að hafa meiri hluta stjórnarmanna dótturfélaga sjálfstæða frá öðrum félögum í samstæðu OR.

Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

Ábendingar Innri endurskoðunar Reykjavíkur benda til þess að sjálfstæði einstakra eininga innan samstæðu OR kunni að vera ábótavant hvað varðar skipan stjórnar. Endurskoðunarnefnd Reyjavíkurborgar hefur fallist á þessi sjónarmið IER. Rétt væri að endurskoða skipan stjórnar dótturfélaga OR í framhaldi af þessari niðurstöðu. Sú tilhögun að viðhalda OR sem sérstöku móðurfélagi með samstæðu í óbreyttri mynd getur valdið hagsmunaárekstrum þar sem stodeiningar og stefnumótun er sameiginleg. Rétt væri að skoða þá sviðsmynd að OR verði lagt niður í núverandi

mynd og verkefni verði flutt til dótturfélaga. Þannig verði hver eining sjálfstæðari og minni hætta verði á hagsmunarárekstrum.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir mætti til fundarins kl.15:00.

6. Klukkan 15:05 mætti Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og greindi frá stefnumótun ON.
7. Klukkan 15:25 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri til fundarins, lagði fram og kynnti skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Samþykkt samhljóða að leggja skýrsluna fyrir eigendafund.
8. Forstjóri óskaði eftir umboði til að boða reglubundinn eigendafund í nóvember. Samþykkt að fela forstjóra að boða fundinn að höfðu samráði við eigendur um dagsetningu.
9. Klukkan 15:30 mætti Anna Margrét Jóhannesdóttir til fundarins ásamt Halli Símonarson, innri endurskoðanda og Lárusi Finnbogasyni, formanni endurskoðunarnefndar, lögðu fram og greindu frá innri endurskoðunaráætlun OR, 1. desember 2020 – 30. september 2020.
10. Klukkan 15:50 mættu Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri og Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Rannsóknna og nýsköpunar til fundarins, lögðu fram og kynntu minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 22. október s.l. og minnisblað um stöðu forðagæslu, dags. 21. október s.l. Hildigunnur fjallaði einnig um stöðu auðlindamælikvarða. Umræður.
11. Forstjóri óskaði eftir umboði stjórnar til að boða hluthafafundi vegna undanþágu frá upplýsingalögum. Samþykkt samhljóða.
12. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 22. október 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.

Klukkan 16:20 mættu Sólrún Kristjánsdóttir og Breki Logason til fundarins.

13. Önnur mál.

- Guðjón Viðar Guðjónsson óskaði upplýsinga um hugmyndir um fulltrúa starfsmanna sem áheyrnarfulltrúa í stjórn.
- Óskað er eftir greiningu á rafbíla- og hleðslumarkaði á næsta fundi stjórnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:03.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 23. nóvember 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals,
Guðjón Viðar Guðjónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 28. september kl. 13:00 var haldinn 294. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð SF 293. Undirritun frestað.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og kynnti fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2021 ásamt langtímaspá út árið 2026.

Klukkan 13:20 mætti Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Klukkan 13:45 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Erling gerði einnig grein fyrir og svaraði fyrirspurnum um stöðu samningamála Gagnaveitu Reykjavíkur. Klukkan 14:00 mætti Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Ingvar Stefánsson kynnti fjárhagsspá Carbfíx í fjarveru Eddu Sifjar Aradóttur, framkvæmdastjóra félagsins. Afgreiðslu spárinnar frestað til aukafundar stjórnar, sem haldinn verður mánudaginn 5. október nk. kl 13:00 um fjarfundabúnað.

Ingvar kynnti stöðu fjármögnunar OR.

Klukkan 14:50 kom Sæmundur Friðjónsson, forstöðumaður upplýsingatækni til fundarins og gerði grein fyrir áhættuvörnum vegna netöryggisatvika og viðbrögðum við slíkum atvikum.

Lögð fram áhættuskýrsla dags. 31.08.2020

3. Klukkan 15:00 mætti til fundarins Kenneth Breiðfjörð, forstöðumaður Innkaupa. Hann lagði fram og kynnti innkaupareglur OR og tillögur að breytingum á þeim. Innkaupareglur samþykktar samhljóða.
4. Klukkan 15:10 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sérfræðingur í samfélagsábyrgð til fundarins, kynnti stefnu um samfélagsábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur og lagði til breytingar á stefnunni. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða.
5. Klukkan 15:15 mætti Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu umhverfismæliskvarða dags. 24. september s.l. Einnig lagt fram minnisblað um stöðu forðagæslu dags. 24. september s.l. Umræður.
6. Elín Smáradóttir lagði fram og kynnti minnisblað, dags. 25. september 2020 um hvað þyrfti til að breyta Carbfíx ohf. í hlutafélag, sem tekið var saman í samræmi við beiðni á SF293.

7. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 20. september 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
8. Önnur mál.
 - Lagt fram erindi Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar dags. 23. september 2020 um skipan stjórna dótturfélaga. Stjórn óskar eftir samantekt um afstöðu stjórnenda til málsins fyrir næsta stjórnarfund.
 - Lagt fram erindi Guðrúnar Erlu Jónsdóttur, stefnustjóra dags. 28. september 2020 um breytingu á Stefnuráði og áhrif á starfsáætlun stjórnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:52.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 26. október 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 5. október kl. 13:00 var haldinn 295. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir var fjarverandi.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, lagði að nýju fram fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2021 og langtímaspá áráanna 2022-2026. Spáin borin upp og samþykkt samhljóða.
2. Önnur mál
 - Forstjóri kynnti erindi sveitarstjóra sveitarfélagsins Ölfuss, þar sem óskað er upplýsinga um rekstur hitaveitu í sveitarfélaginu.
 - Formaður óskar eftir upplýsingum um það hversu stór hluti viðspyrnuverkefna hefur orðið að veruleika.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:22.


Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 26. október 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundum 28.10.2019]

Arðsemisstefna Orkuveitu Reykjavíkur (OR) felur í sér að starfspættir dótturfélaga skili viðunandi arðsemi. Þetta felur í sér að skilgreind eru arðsemismarkmið og vikmörk á ásættanlegri arðsemi starfspáttu að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu. Arðsemismarkmiðin og vikmörk tilgreindra starfspáttu gefa þannig til kynna hvort arðsemi sé of lág, viðunandi eða of há. Sé arðsemi utan viðmiðunarmarka skal grípa til mótverkandi aðgerða sbr. að neðan:

- **Óviðundandi arðsemi:** ef arðsemi er undir neðri mörkum þarf mögulega að hækka gjaldskrá og hagræða í rekstri. Ekki er heimilt að greiða út arð við þessar aðstæður.
- **Viðunandi arðsemi:** ef arðsemi er innan skilgreindra marka skal rekstri hagað þannig, m.t.t. rekstrarútgjalda og gjaldskrá, að arðsemi fari ekki út fyrir viðmiðunarmörk. Mögulegt rými er til staðar fyrir arðgreiðslur til eigenda að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu.
- **Arðsemi umfram kröfu:** ef arðsemi er yfir efri mörk skal kanna hvort ástæður séu til gjaldskrárlækkana og/eða arðgreiðslna að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu.



Stjórn samþykkir nánari útfærslu arðsemismarkmiða og viðmiðunarmarka fyrir hvern miðil/fyrirtæki.

Arðsemisstefna OR er ákvörðuð til samræmis við eigendastefnu OR.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundum 28.10.2019]

Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur felur í sér að arðgreiðslur séu að jafnaði greiddar til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.

Jafnframt skal arðsemi af rekstri samstæðunnar vera innan lágmarksviðmiðs um arðsemi sem kveðið er á um í arðsemistefnu félagsins. Stefna skal að viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum til eigenda að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar lítið.

Fjárhagsskilyrðin, sem ákvörðuð eru hér að neðan, snúa meðal annars að stöðu og horfum eftirfarandi þátta: eiginfjárlutfall, lausafjárstaða, skuldsetning, fjárfestingar og rekstur félagsins. Skilyrðin skulu uppfyllt áður en til arðgreiðslu kemur og að henni lokinni án þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ógnað til framtíðar lítið.

Skilyrðin eru þessi og gilda um árslokastöðu skv. reikningsskilum samstæðunnar og fjárhagsáætlun næstu ára að teknu tilliti til arðgreiðslu. Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning, útkomuspá yfirstandandi árs og spá næsta árs á eftir

Frá og með 2019

1. Veltufjárlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)	>1,0
2. Eiginfjárlutfall	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>13%

Skilgreiningar:

(Veltufjármunir – innbygg. afl. á meðal veltufjármuna)

Veltufjárlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna) = (Skammtímaskuldir – innbygg. afl. á meðal skammtímaskulda)

FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)

Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir að frádrögnum handbæru fé og annarra vaxtaberandi fjáreigna

FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum

RCF = Handbært fé frá rekstri að frádrögnum arðgreiðslum.

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðunnar.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundum 28.10.2019]

Meginmarkmið áhættustefnu er að tryggja að Orkuveita Reykjavíkur geti sinnt grunnhlutverki sínu á sem hagstæðastan máta með lágmarksáhættu. Þetta gerir OR með því að:

- draga úr sveiflum í afkomu samstæðunnar á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum og að áhættuþættir séu ávallt innan skilgreindra marka sem stjórnin setur og er skráð í áhættuhandbók. Mynd að neðan tilgreinir helstu áhættuþætti í samstæðu OR.
- tryggja að OR hafi nægt fé til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi
- stuðla skal að því að OR hafi aðgang að fjölbreyttri fjármögnun frá mörgum fjármálastofnunum og treysta ekki um of á eina tegund fjármögnunar umfram aðra

Stjórn felur áhætturáði að framfylgja áhættustefnu í rekstri OR og innan marka sem sett eru í áhættuhandbók. Breytingar á mörkum krefjast samþykktar stjórnar OR.

Áhættustefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.
[VLT-001](#); Áhættuhandbók.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundum 28.10.2019]

ÁHÆTTUR Í REKSTRI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Heiti

Skilgreining

Markmið

Rekstrar- og kjarnaáhætta

Áhætta í rekstri hita-, vatns-, rafmagns-, frá- og gagnaveitu m.t.t.:

Kjarnaáhættu
Öryggi og heilsa
Samkeppnisumhverfi
Þekking og mannaúður
Umhverfisstjórnun og matvælaöryggi
Orðspor
Lög og reglugerðir
Stórfelldar rekstrartruflanir
Stjórnunarhættir
Upplýsingaöryggi
Pólítísk áhætta

Markaðsáhætta

Áhrif markaðsveiflna á fjárhagslegan styrk OR

Gengissveiflur
Erlent og innlent vaxtastig
Verðlagsþróun
Vaxtaálag
Verð á áli

Lausafjáraáhætta

Geta OR til að mæta skuldbindingum

Rekstrarútgjöld
Afborganir af lánnum
Fjárfestingar
Samsetning eignasafns

Mótaðilaáhætta

Áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á OR

Stærð einstakra viðskiptavina
Einsleitir hópar viðskiptavina
Vöru- og verktakastjórnun
Innheimtuúrræði og endurheimtur

Áhættu skal stýra og halda innan marka sem stjórn OR setur. Upplýsa skal stjórn OR um helstu áhættur utan marka.

Kjarnastarfsemi er skilgreind í eigendastefnu OR. OR er þjónustu- og framleiðslufyrirtæki á sviði orkuframleiðslu- og dreifingar og rekur einnig fráveitu- og gagnaflutningskerfi ásamt fleiru.

Kjarnaáhætta er sú áhætta sem fylgir kjarnastarfsemi OR. Sú grunnþjónusta sem OR veitir er að ýmsu leyti stöðugur rekstur en dæmi um kjarnaáhættu OR er þróun orkuverðs til langs tíma og ástand auðlinda sem nýttar eru í rekstri. Kjarnaáhætta mótast af langtímastefnu OR og stendur að mestu leyti utan áhættustýringar frá degi til dags en er mjög mikilvægt viðfangsefni við stefnumótun, nýfjárfestingar o.s.frv.

Áhættuhandbók OR lýsir heildarsýn og meginmarkmiðum stjórnar OR við takmörkun áhættu fyrir utan kjarnaáhættu. Áhættuhandbók skilgreinir tegundir áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt aðferðum og markmiðum.

Áhættuhandbók er ítarleg útfærsla á áhættustefnunni sem nýttist við rekstur OR frá degi til dags. Hún skilgreinir ferla, markmið, verksvið, ábyrgð og ýmsa mælikvarða nánar en gert er í áhættustefnunni og er ætlað að vekja starfsfólk til vitundar um áhættustýringu.

Áhættuskýrsla er lögð er fyrir stjórn á hverjum reglulegum fundi. Hlutverk hennar er að upplýsa um og meta áhættur í rekstri OR, fara yfir hvernig áhættustefnunni er fylgt eftir og hvernig áhættuþættir hafa þróast.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
Sendandi: Elín Smáradóttir, lögmaður og ritari stjórnar.
Dagsetning: 26. október 2020
Efni: **Um skipan stjórna dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur**

Á 294. fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 28. september 2020 var m.a. bókað:

Lagt fram erindi Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar dags. 23. september 2020 um skipan stjórna dótturfélaga. Stjórn óskar eftir samantekt um afstöðu stjórnenda til málsins fyrir næsta stjórnarfund.

Í tilvitnuðu erindi Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar segir:

Endurskoðunarnefnd OR tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu Innri endurskoðunar og telur að OR ætti að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti þannig að stjórnir dótturfélaganna væru að meirihluta skipaðar stjórnarmönnum sem óháðir eru dótturfélögunum ella að umrætt frávík verði útskýrt með ítarlegum hætti í stjórnarháttayfirlýsingu.

Eftirfarandi er afstaða stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur til málsins:

Í upphafi ársins 2014 tók gildi breyting á raforkulögum nr. 65/2003, sem kveður á um fyrirækjaaðskilnað á raforkumarkaði, þannig að sérleyfis- og samkeppnishlutum raforkumarkaðar skyldi skipt upp í sérstök félög, sbr. 4. gr. laga nr. 58/2008.¹ Ákvæðinu var ætlað að koma til framkvæmda þann 1. júlí 2009, en m.a. vegna andstöðu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur var framkvæmdinni ítrekað frestað, síðast til 1. janúar 2014.

Var Orkuveitu Reykjavíkur þá, sem kunnugt er, skipt upp í móðurfélag og dótturfélög eftir því hvort um samkeppnis- eða sérleyfisrekstur var að ræða.

Eigendur lögðu ríka áherslu á að uppskiptingin ætti og mætti ekki verða til þess að draga úr gildi eigendastefnu þeirrar sem fyrirtækinu hafði verið mörkuð í kjölfar mikilla fjárhagserfiðleika þess, og árið 2014 var sameignarsamningur og eigendastefna endurskoðuð með tilliti til uppskiptingarinnar.

Í endurskoðaðri eigendastefnu er m.a. fjallað um stefnumótun í 6. gr. Þar segir:

Stjórn skal leggja fram tillögu að stefnumörkun og framtíðarsýn fyrirtækisins með útfærslu á mælikvörðum og greinargerð fyrir eigendafund til staðfestingar. Tillagan skal taka til heildarstefnumörkunar og stefnumótunar varðandi:

- *Arðgreiðslustefnu*
- *Áhættustefnu*
- *Gæðastefnu*
- *Innkaupastefnu*
- *Jafnréttisstefnu*

¹ <https://www.althingi.is/altext/stjt/2008.058.html>

- Siðareglna
- Starfskjarastefnu
- Mannauðsstefnu
- Stefnu varðandi öryggis-, heilsu- og vinnuvernd
- Umhverfis- og auðlindastefnu
- Upplýsingatæknistefnu
- Upplýsingaöryggisstefnu

Við undirbúning stefnumótunar skal stjórn líta til áherslna eigenda varðandi fjárhagsleg markmið og arðsemi (6.1), áhættu (6.2), umhverfi og auðlindanýtingu (6.3) og starfskjör (6.4).

Stefnumörkun fyrir dótturfyrirtæki skal samræmast gildandi stefnu á hverjum tíma í ofangreindum málefnum. [feitletrun mín ES]

Þarna kemur með skýrum hætti fram sá vilji eigenda, að stefnumörkun og framkvæmd eigendastefnu sé samræmd innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, þrátt fyrir að um sjálfstæð félag sé að ræða og með sjálfstæðar stjórnir.

Stjórnendur samstæðunnar hafa framfylgt framangreindum vilja eigenda með stefnumiðuðum stjórnarháttum. Þannig er stjórnun innan samstæðunnar öll miðuð við að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í eigendastefnu og útfærð í þeirri stefnumörkun sem í eigendastefnu er gerð krafa um að fram fari í einstökum málaflokkum, sbr. framangreinda 6. gr. eigendastefnu.

Í eigendastefnu eru einnig fleiri þættir sem sýna þann vilja eigenda að tryggja samræmi í stjórn félaga í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og aðkomu eigenda að mikilvægum ákvörðunum.

- Í inngangskafli eigendastefnunnar segir: Þannig á eigendastefnan að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins.
- Í 3. gr. er fjallað um kjarnastarfsemi, þar sem taldir eru upp rekstrarþættir samstæðunnar (vatnsveita, hitaveita, rafveita, fráveita o.s.frv.) án aðgreiningar í dótturfélag. Í ákvæðinu er einnig talað um að nýta þekkingu fyrirtækisins. Þekkingu fyrirtækisins er að finna hjá starfsmönnum þess og þekking þeirra nýtist með því að starfsmenn samstæðunnar sitji í stjórnnum dótturfélaga.
- Í 5. gr. segir að stjórnarhættir OR eigi að tryggja m.a. "hagkvæmni". Starfsmenn samstæðu, sem sitja í stjórnnum dótturfélaga, fá ekki sérstaklega greitt fyrir stjórnarsetu. Færa má rök fyrir því að í því felist hagkvæmni.
- Í 7. gr. er fjallað um samskipti, aðallega á milli eigenda og stjórnar OR. Í ákvæðinu er einnig tekið fram að eigendur vilji skapa stjórn það umhverfi að hún geti á hverjum tíma rækt skyldur sínar í þágu hagsmuna fyrirtækisins og innan markaðrar stefnu eigenda. Þetta vísar m.a. til ákvæðis 6. gr. sem tiltekur að stefnumörkun fyrir dótturfyrirtæki eigi að samræmast gildandi stefnu á hverjum tíma. Með því skapa eigendur OR stjórn fyrirtækisins það umhverfi að geta rækt skyldur sínar, með því að sýna þeim stjórnháttum skilning að það auki flæði þekkingar og upplýsinga milli móðurfélags og dótturfélaga að starfsfólk samstæðu sitji í stjórnnum dótturfélaga.

Stjórnendur telja að til að tryggja þá framkvæmd, sem eigendastefna kveður á um, sé afar mikilvægt að stjórnir dótturfélaga séu að meirihluta til skipaðar einstaklingum, sem vinna beint að framfylgd eigendastefnunnar í daglegum störfum sínum og að tryggja flæði upplýsinga úr dótturfélagum til móðurfélaga og þaðan til eigenda, sbr. 7. gr. eigendastefnu, þar sem lögð er áhersla á ríka upplýsingaskyldu á Orkuveitu Reykjavíkur gagnvart eigendum, eins og einnig er gerð grein fyrir í sameignarsamningi. Í þessu sambandi má einnig benda á ákvæði 3.2.1 í leiðbeiningunum um stjórnarhætti, sem fjallar um mikilvægi

Þess að stjórnarmenn þekki félagið, starfsemi þess og hafi skilning á markmiðum og verkefnum félagsins. Sú þekking er aukin meðal starfsfólks samstæðunnar, sé miðað við almenna stjórnarmenn, sem ekki þekkja fyrirtækið sérstaklega eða hafa áður starfað hjá því.

Ábending Innri endurskoðunar um skipan stjórnna dótturfélaga kom fram í úttekt á vinnustaðamenningu og mannauðsmálum hjá Orkuveitu Reykjavíkur í nóvember 2018. Í kjölfar þeirrar úttektar fól stjórn þáverandi forstjóra að yfirfara ábendingarnar og koma með tillögur að úrbótum. Í skilgrein forstjóra, sem lögð var fram á 268. fundi stjórnar þann 26. nóvember 2018, segir m.a.:

- ...að endurskoða fyrirkomulag við skipan stjórnna dótturfyrirtækja OR og tryggja að þær verði að meirihluta skipaðar einstaklingum sem eru óháðir þegar litið er til skilgreiningar leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar starfsmenn aðila sem hafa yfirráð yfir félaginu.

Varðandi þessa ábendingu þarf að hafa í huga muninn á hlutafélögum sem stjórnarháttaleiðbeiningar Viðskiptaráðs² hverfast um og samstæðufyrirtækja eins og Orkuveitu Reykjavíkur. Uppskipting OR var vegna nýrrar löggjafar en hvorki af rekstrarlegum ástæðum né til að koma fyrirtækinu á markað eða kalla fleiri eigendur að borði. Breytt raforkulög kváðu á um aðskilnað starfseminnar eftir því hvort um var að ræða samkeppnisrekstur eða sérleyfis- og einkaleyfisrekstur. Það breytir ekki því að í samstæðunni eru öll félögin í eigu sama aðilans. Það felur í sér að ákvæði eigendastefnu þurfa að eiga við um alla starfsemi. Stjórn móðurfélags fer með eigendahlutverk gagnvart dótturfélögum. Málefni dótturfélaga eru hluti af umboði forstjóra móðurfélags sem fer með eigendavald gagnvart dótturfélögum í umboði stjórnar. Stjórnir dótturfélaga heyra því í raun undir forstjóra samstæðu í umboði stjórnar móðurfélagsins. Við þessar aðstæður þarf að finna leiðir til að framfylgja ákvæðum eigendastefnu samstæðu í öllum dótturfélögum, tryggja að skýrslugjöf til eigenda og nauðsynlegt rekstrareftirlit stjórnar samstæðu nái til allra dótturfélaga og að stjórnir og stjórnendur dótturfélaga hafi skýrt umboð en lúti ótvírætt þeim stjórnarháttum sem áskildir eru í eigendastefnu.

Fyrirkomulagið sem var sett upp við uppskiptingu OR í ársbyrjun 2014 til að tryggja að samstæðan starfi sem heild í samræmi við áherslur eigenda virðist hafa gefið góða raun. Á þeim tíma glímdi fyrirtækið við bráðan fjárhagsvanda og mikið reið á að allir þættir rekstrarins tækju þátt í að leysa hann. Með tilliti til þeirra stefnumiðuðu stjórnarháttanna sem innleiddir hafa verið og eru til þess fallnir að leiða eigendastefnu markvisst gegnum allar skipulagsheildir samstæðunnar má þó velja því upp hvort fjárhagsleg nauðsyn sé hin sama og hvort stefnumiðuð vinnubrögð séu búin að festa sig þannig í sessi að gera megi einhverjar breytingar á þessu fyrirkomulagi. Ég myndi þó gjalda varhug við því að færri en tveir stjórnarmanna yrðu úr móðurfélaginu og jafnframt leggja áherslu á að yfirlögfræðingur móðurfélagsins beri ábyrgð á að láta stjórnnum dótturfélaga í té þjónustu til undirbúnings og ritunar funda. Endurskoða þarf samþykktir dótturfélaga standi vilji til að gera þessar breytingar.

Sömu sjónarmið og þarna koma fram eiga enn við. Auk þeirra er vert að leggja ríka áherslu á að þrátt fyrir að fyrirtæki innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur séu sjálfstæð félög með sjálfstæðar stjórnir og lúti flest lögum um hlutafélög (sbr. þó sameignarfyrirtækið OR og sameignarfélagið Orkuveita Reykjavíkur vatns- og fráveita) ber þeim að starfa í samræmi við áherslur, sem skilgreindar eru í móðurfélaginu. Fjárhags-, öryggis- og orðsporsáhætta samstæðunnar allrar er hluti af áhættuprófíl þess. Það er því mikilvægt að tryggja að

² Sbr. þó einnig framangreint ákvæði 3.2.1 um þekkingu stjórnarmanna á viðkomandi félagi.

dótturfélögin starfi í samræmi við þá línu sem lögð hefur verið í eigendastefnu og útfærð í stefnumörkun móðurfélags.

Nauðsynlegt rekstrareftirlit stjórnar samstæðu OR þarf að ná til allra dótturfélaga. Áhættu af starfsemi samstæðu, móðurfélagi og allra dótturfélaga þarf að vera stýrt með heildrænum hætti. Þegar fjallað er um stjórnarhætti í OR samstæðunni er því lykilatriði að huga að ábyrgð og áhættu samstæðunnar í heild og hvernig hún tryggir stjórn á þeim einingum sem mynda þá áhættu. Reikningar og afkoma dótturfélaganna eru hluti af samstæðureikningi Orkuveitu Reykjavíkur, sem aftur er hluti samstæðureiknings Reykjavíkurborgar.

Hvað leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja varðar taka þær að miklu og mestu leyti mið af hlutafélögum. Leiðbeiningarnar fjalla ekki sérstaklega um samstæðuskipulag þar sem dótturfélög eru ekki hlutdeildarfélög heldur að öllu leyti í eigu móðurfélags (eignarhald á hendi sama aðila). Í leiðbeiningunum er tekið fram að eitt hlutverka stjórnar sé „að sjá um að hagsmunum allra hluthafa sé ávallt gætt. Skal stjórnin koma jafnt fram við alla hluthafa í sama hlutaflokki og gæta jafnræðis milli þeirra.“ Áhersla leiðbeininganna er þannig frekar í þá átt að gæta að hagsmunum hluthafa, þar sem þeir eru margir, t.d. almenningshlutafélög en síður félög þar sem eigandinn er í raun einn, þó um hlutafélag sé að ræða. Viðkomandi grein í leiðbeiningunum er ætlað að tryggja að jafnræði sé milli allra hluthafa í félagi og að einstakir stjórnarmenn gangi ekki erinda eins hluthafa umfram aðra. Þetta sjónarmið á síður við þegar eigandinn er einn. Þó eigendur Orkuveitu Reykjavíkur séu þrír og leiða mætti líkum að því að huga þurfi að jafnræði þeirra, einnig við stjórn dótturfélaga OR, má benda á að í sameignarsamningi hafa eigendur komið sér saman um það hvernig samskiptum þeirra skuli hagað við stjórn fyrirtækisins, þ. á m. eru ákvæði sem tryggja ríka minnihlutavernd við ákvarðanatöku.

Í leiðbeiningum um stjórnarhætti kemur fram að þær feli í sér tilmæli til viðbótar við lög og reglur. Þeim fylgi meiri sveigjanleiki en slíku regluverki. Það er enda erfitt að setja viðmið sem henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Það er ekki tekið mið af þessu í ábendingum Innri endurskoðanda og niðurstöðu endurskoðunarnefndar.

Grundvöllur leiðbeininga um stjórnarhætti er reglan sem kölluð hefur verið ”fylgið eða skýrið” (Comply or explain) sem veitir stjórnnum fyrirtækja svigrúm til að ákveða að hve miklu leyti einstaka þættir leiðbeininganna henta viðkomandi fyrirtæki. Þannig getur fyrirtæki talist starfa í samræmi við þær þrátt fyrir að víkja frá einhverjum efnisatriðum, enda er ljóst að leiðbeiningar geta ekki hentað eða fallið með sama hætti að starfsemi ólíkra fyrirtækja. Bent hefur verið á að of mikill þrýstingur á skilyrðislausu fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti gæti jafnvel verið skaðlegt í einstökum tilvikum. Sé sú raunin ber fyrirtæki að skýra frá því í stjórnháttayfirlýsingu og rökstyðja af hverju viðkomandi ákvæði leiðbeininga henti fyrirtækinu ekki. Er það gert til að auka gegnsæi í stjórnháttum fyrirtækja og til að hluthafar geti sjálfir metið réttmæti þess að víkja frá leiðbeiningum í viðkomandi tilviki.

Niðurstaða

Stjórnarhættir snúast öðru fremur um hvernig staðið er að skilgreiningu umboðs stjórnenda fyrirtækja og stofnana svo þeim verði veitt leiðsögn og aðhald til þess að stuðla að því að fyrirliggjandi auðlindir séu nýttar með ábyrgum hætti eigendum, öðrum hagsmunaaðilum og samfélaginu í heild til heilla. Stjórnarhættir ná þannig utan um hvernig farið er með yfirráð yfir skipulagsheildum, hvernig skuli haga samspili og samskiptum þeirra við

umhverfið í víðum skilningi og hvernig megi á skipulegan hátt styðja við inntak og árangur af starfsemi þeirra³

Virki eigendastefna er sú leið sem eigendur OR hafa til að mæta; takmarka eða fyrirbyggja umboðsvanda sem felst í því að eigendur og stjórnendur geti haft markmið sem stangast á⁴. Uppskipting OR í ársbyrjun 2014 var mikil áskorun og því þurfti að finna leið til að útfæra valddreifingu og umboð út frá stefnu og markmiðum eigenda. Af því leiðir meðal annars það fyrirkomulag við skipan í stjórnir dótturfélaga sem nú er viðhaft. Þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á um hlutverk stjórnar móðurfélagsins þýðir núverandi samstæðuskipulag að stjórn hefur ekki beint boðvald yfir stjórnnum dótturfélaga, hvorki samkvæmt lögum né þeim almennu viðmiðum um stjórnarhætti sem í gildi eru. Þannig verður um margt flóknara fyrir stjórn móðurfélags að gegna hlutverki sínu og skyldum í samræmi við eigendastefnu og sameignarsamning. Til þess að koma til móts við þennan umboðsvanda er áskilið í samþykktum allra dótturfélaga að meirihluti stjórnar skyldi koma frá móðurfélagi. Því til viðbótar er áskilið að dótturfélögin skuli innleiða stefnu í öllum sömu málaflokkum og móðurfélagið og að þær skuli samræmast gildandi stefnum OR.

Stefnumiðaðir stjórnarhættir eins og viðhafðir eru í samstæðu OR, eru beinlínis nauðsynlegir til þess að tryggja að yfirstjórn samstæðunnar í heild hafi vægi og hlutverk gagnvart einingum hennar.⁵

Í samræmi við framangreindar skýringar er lagt til að ákvæði samþykpta dótturfélaga um að þrjú af fimm stjórnarmönnum ásamt varamönnum skuli vera starfsmenn samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, skuli vera óbreytt. Greint verði frá því í stjórnarháttayfirlýsingu ársskýrslu fyrir árið 2020 af hverju vikið er frá leiðbeiningum um stjórnarhætti í þessu tilviki.

³ Runólfur Smári Steinþórsson, Guðrún Erla Jónsdóttir og Bjarni Snæbjörn Jónsson. (2018) Stefnumiðaðir stjórnarhættir: Dæmi frá Orkuveitu Reykjavíkur. Tímarit um viðskipti og efnahagsmál, 15(2), bls. 21-45.

⁴ Fama, E. F., & Jensen, M. C. (1983b). Separation of Ownership and Control. The Journal of Law & Economics, 26(2), 301–325.

⁵ Runólfur Smári Steinþórsson o.fl., 2018.

Skýrsla nr. 2020-022

dd. mánuður áááá



Framfylgd eigendastefnu 2020

Skýrsla til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Guðrún Erla Jónsdóttir

Stjórnhættir og stefna

DRÖG

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur

Umsjón og ábyrgð: Guðrún Erla Jónsdóttir

Skráningarblað skýrslna

Skýrsla nr. 2020-022	Útgáfudagur dd. mánuður áááá	Útgáfustaður Reykjavík
Heiti skýrslu Framfylgd eigendastefnu 2020		
Upplag pdf	Fjöldi síðna 10	Dreifing Opinber
Höfundur/ar Guðrún Erla Jónsdóttir		Verknúmer
Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur		Samvinnuaðilar
Útdráttur Í samræmi við áskilnað í grein 8.5 er ár hvert tekið saman með hvaða hætti stefnu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur er fylgt eftir. Skýrslunni er skilað á reglulegum eigendafundi í nóvember samhliða kynningu á henni og þeim helstu aðgerðum sem unnið hefur verið að á yfirstandandi ári til að tryggja skilvirka innleiðingu stefnu eigenda.		
Efnisorð Eigendastefna, sameignarsamningur, stjórnarhættir, stefnumótun		Yfirlit

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda	1
3	Leiðarljós samfélagsábyrgðar	2
3.1	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	3
3.2	Markmiðin til 2023.....	4
3.3	Flæði stefnu og markmiða til samstillingar og skerpingar á áherslum	5
4	Stefnumiðuð verkefnaþing	6
4.1	Umfjöllun um stefnumiðaða menningu OR héraðs og erlendis	6
4.2	Stefnumiðaðir stjórnarhættir í annarri varnarlinu og innra eftirlit	8
5	Lokaorð	10

Myndir

Mynd 1:	Fimm vörumerki eru frá upphafi ársins 2020 ásjóna starfsemi samstæðunnar.	2
Mynd 2:	Niðurstöður vinnustofu um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.	3
Mynd 3:	Heimsmarkmiðin sem eru í forgangi hjá OR samkvæmt ákvörðun stjórnar 28. september 2020.	4
Mynd 4:	Markmið um aukin lífsgæði.....	4
Mynd 5:	Stefnumiðuð stjórnun innan samstæðu OR miðar að því að tryggja flæði stefnu og markmiða á skýran og skilvirkan hátt.....	5
Mynd 6:	Stefnuyfirlit OR samstæðunnar og mæling markmiðsferlis.	9

Töflur

Tafla 1:	Útgefið efni sem byggir á stefnumiðuðum stjórnarháttum og innleiðingu eigendastefnu í samstæðu OR.....	7
----------	--	---

DRÖÖGG

1 Inngangur


Tilgangur skýrslu um framfylgd eigendastefnu er að upplýsa eigendur Orkuveitu Reykjavíkur um það með hvaða hætti stefnu þeirra hefur verið fylgt eftir á yfirstandandi ári. Stjórn OR fer með málefni fyrirtækisins milli eigendafunda og hefur eftirlit með að stefna fyrirtækisins, skipulag þess og rekstur sé í réttu og góðu horfi og í samræmi við stefnu eigenda. Skýrslan, sem kveðið er á um í sameignarsamningi að skuli skilað á reglubundnum eigendafundi í nóvember ár hvert, er lykillinn að því að eigendur viti að í reynd sé verið að vinna að markvissri innleiðingu stefnu þeirra. Með skýrslunni fá eigendur árlegt yfirlit yfir þær aðgerðir sem unnið er að innan samstæðunnar til að fylgja stefnu þeirra eftir og með hvaða hætti samræmi við eigendastefnu er tryggt innan samstæðunnar. Hér er því gerð grein fyrir framfylgd eigendastefnu en vakin er athygli á því að ítarlega er gerð grein fyrir starfsemi samstæðunnar í rafrænni Ársskýrslu OR. Hún er gefin út í tengslum við útgáfu ársreiknings ár hvert. Skýrslan er gerð í samræmi við UFS (umhverfi, félagslegir þættir og stjórnhættir) leiðbeiningar Nasdaq og Viðskiptaráðs Íslands. Skýrsla um framfylgd eigendastefnu er birt á vef OR, öllum aðgengileg.

2 Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda

Til samræmis við ákvæði eigendastefnu skal vísa tilteknum ákvörðunum til eigenda. Í eigendastefnu segir:

Með skýrri eigendastefnu er leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigendanna og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun. Þannig á eigendastefnan að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins.

Á árinu 2020 hefur engum ákvörðunum verið vísað til eigenda. Á árinu 2019 var hins vegar tveimur veigamiklum ákvörðunum vísað til eigenda. Báðar vörðuðu skipulag samstæðunnar og staðfestu eigendur bæði tillögur um uppskiptingu ON og að stofnað yrði sérstakt dótturfélag um starfsemi Carbfix. Þessar breytingar hafa á árinu 2020 komið að fullu til framkvæmda og nú eru fimm vörumerki ásýnd samstæðunnar út á við gagnvart almenningi (mynd 1).



Mynd 1: Fimm vörumerki eru frá upphafi ársins 2020 ásjóna starfsemi samstæðunnar.

Hlutverki og kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur er lýst í lögum, sameignarsamningi og eigendastefnu. Kjarnastarfsemin er rekin í tilteknum dótturfélögum og undir hatti hvers vörumerkis. Samstæðan myndar heild á leið sinni í átt að sameiginlegri framtíðarsýn og fylgir skýrri stefnumörkun, markmiðasetningu og leiðarljósum á vegferðinni.

3 Leiðarljós samfélagsábyrgðar

Í eigendastefnu eru sett fram skýr leiðarljós fyrir OR og sem stefnumiðuð stjórnun og markmiðasetning tekur tillit til. Í eigendastefnu segir:

Í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur skal áhersla lögð á virðingu gagnvart umhverfinu, ábyrga nýtingu auðlinda og ábyrga nýtingu fjármuna. Orkuveita Reykjavíkur kemur fram af heilindum og trausti og rækir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Fyrirtækið ber hag samfélagsins fyrir brjósti og umgengst náttúruna, auðlindir og viðskiptavinum af virðingu.


Stefna OR um samfélagsábyrgð byggir á gildum og heildarstefnu OR. Framtíðarsýn samstæðunnar er sú að *auka lífsgæði samfélagsins* og byggir á gildunum *framsýni*, *hagsýni* og *heiðarleiki*. OR veitir reglubundið með greinargóðum og gegnsæjum hætti upplýsingar um frammistöðu fyrirtækisins hvað varðar grunnstoðir sjálfbærni og samfélagsábyrgðar; umhverfi, samfélag, stjórnhætti (ESG), fjárhag og vinnustaðinn sjálfan. Þá er sýnt fram á það með reglubundinni skýrslugjöf hvernig starfsemi OR styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt kallar OR eftir skoðunum hagsmunaaðila á því hvort fyrirtækin í samstæðunni standa undir samfélagslegri ábyrgð sinni og bregst við ábendingum með ábyrgum hætti.

3.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Í samræmi við leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna og íslenskra stjórnvalda hefur samstæða OR forgangsraðað í stuðningi sínum við Heimsmarkmiðin. Þetta var gert með þeim hætti að haldnar voru fjórar vinnustofur; með stjórnendum innan samstæðunnar, tvær með starfsfólki og ein með ytri hagsmunaaðilum. Í þeirri síðast töldu tóku meðal annarra þátt fulltrúar frá opinberum stofnunum, stórum vöru- og þjónustubirgjum, stórum viðskiptavinum, verkötukum og verkalýðsfélagi¹.

Á vinnustofunum röðuðu þátttakendur Heimsmarkmiðunum eftir því hvar OR gæti haft jákvæð áhrif á framgang markmiðanna og hvort hætta kynni að vera á að starfsemin hindraði framganginn. Stjórn OR ákvað á fundi sínum 27. janúar 2020, með hliðsjón af niðurstöðu vinnustofanna, að leggja sérstaka áherslu á fjögur Heimsmarkmið í starfsemi samstæðunnar (sjá mynd 2). Í fundargerð stjórnar OR er bókað:

... lögð fram tillaga um forgangsröðun heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þau markmið, sem sett eru í forgang eru: hreint vatn og salernisaðstaða, sjálfbær orka, aðgerðir í loftslagsmálum og ábyrg neysla og framleiðsla.



Mynd 2: Niðurstöður vinnustofu um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Þá var við reglubundna rýni stefnu um samfélagsábyrgð, haustið 2020, tekin ákvörðun um að Heimsmarkmið númer 5 um jafnrétti kynjanna yrði jafnframt í forgangi hjá OR.

¹ Nánari umfjöllun er í rafrænni ársskýrslu OR fyrir árið 2019, slóð: <https://arsskyrsla2019.or.is/>

Til að tryggja samræmi og samþættingu með tilliti til áherslu á Heimsmarkmiðin voru stefnuskjöl OR, sem tilgreind eru í eigendastefnu, rýnd á árinu og þau endurskoðuð með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (mynd 3).



Mynd 3: Heimsmarkmiðin sem eru í forgangi hjá OR samkvæmt ákvörðun stjórnar 28. september 2020.

3.2 Markmiðin til 2023

Aukin lífsgæði eru okkar framtíðarsýn. Í samstæðunni er unnið að fimm skilgreindum og sameiginlegum markmiðum sem styðja við þessa framtíðarsýn (mynd 4). Það er í samræmi við það hvernig samstæðan er og hverju hún reynir að skila til samfélagsins að árangur sé ekki aðeins mældur út frá fjárhagslegum markmiðum. Hægt er að fylgjast með stöðu markmiðanna á vef OR.



Mynd 4: Markmið um aukin lífsgæði.

Til að fylgjast með því hvernig samstæðunni miðar í átt að framtíðarsýninni er mælt hversu jákvæður almenningur er í garð vörumerkja samstæðunnar. Mælikvarðinn ber heitið „Góður samfélagsþegn“ og samstæðan hefur áhrif á hann með jákvæðum aðgerðum sem styðja undirmarkmiðin fjögur.

Góður samfélagsþegn: Fylgst er með afstöðu fólks til vörumerkja samstæðunnar til að hægt sé að mæla árangur við að því að ná því markmiði um að vera góður samfélagsþegn gagnvart almenningi. Stefnt er að einkunninni 6,1 en viðmiðið er 5,7 og er það sótt í meðaltal mælinga á afstöðu til vörumerkja íslenskra fyrirtækja á starfssviði samstæðu OR.

Ánægt starfsfólk: Ánægt starfsfólk nær betri árangri og skapar þannig meiri lífsgæði fyrir samfélagið. Markmið samstæðunnar er einkunnin 4,5 árið 2023 af 5 mögulegum. Viðmið um starfsánægju eru sótt í gagnagrunninn Ísland í vinnunni og er það 4,2.

Heil heim: Öryggi og heilbrigði bæta lífsgæði. Markmið samstæðunnar er að fjarvera vegna veikinda og slysa verði undir 3,6%. Því markmiði er þegar náð. Þær miklu breytingar á vinnulagi sem fylgir heimsfaraldrinum hefur líklega áhrif, til dæmis með því að heimastarfandi starfsfólk skrái síður veikindi. Markmiðið er þess vegna í endurskoðun.


Léttara kolefnisspor: Léttara kolefnisspor eru lífsgæði. Markmið samstæðunnar er að kolefnissporið verði 40% léttara árið 2023 en það var árið 2015, og stefnt að kolefnishlutleysi árið 2030. Viðmið í loftslagsmálum um 30% samdrátt er sótt í Parísarsáttmálann.

Fjölgun rafbíla: Rafbílur losa ekki CO₂, eru ódýrari í rekstri og auka lífsgæði. OR vill koma því til leiðar í samfélaginu að markmið um 40.000 tengjanlega rafbíla á Íslandi náist, en nú eru þeir um 15 þúsund. Samstæðan leggur sitt af mörkum með dreifikerfi, hleðslustöðvum og þjónustu, þó að endingu séu það einstaklingar sem taka ákvörðun um kaup á rafbíl.

Fjárhagsleg skýrslugjöf samstæðu OR mun eftirleiðis tilgreina árangur í tengslum við ofangreind markmið². Það er enda til samræmis við áherslu samfélagsábyrgðar samstæðunnar og það gagnsæi sem eigendastefnan boðar.

3.3 Flæði stefnu og markmiða til samstillingar og skerpingar á áherslum

Á árinu 2020 hefur verið gert sérstakt átak í því að styðja við flæði, eða þrepaskiptingu, markmiða til að tryggja samhæfingu, skýrleika og forgangsroðun verkefna í samstæðunni (sjá mynd 5).



Mynd 5: Stefnumiðuð stjórnun innan samstæðu OR miðar að því að tryggja flæði stefnu og markmiða á skýran og skilvirkan hátt.

² Fjármálafréttir Orkuveitu Reykjavíkur, slóð: <https://www.or.is/fjarmal/fjarmalafrettir/mannaflafrekar-fjarfestingar-framundan/>

Stjórn OR skilgreinir markmið og áherslur í starfseminni í samræmi við heildarstefnu samstæðunnar. Stefnumótun og markmiðasetning í félögum og sviðum samstæðunnar tekur mið af áherslum OR og þau setja sín markmið til uppfyllingar þeim yfirmarkmiðum og áherslum sem ákveðnar hafa verið og sem eru látin flæða niður í einstök teymi. Að endingu eru markmið einstaklinga skilgreind í stefnumiðuðum starfsmannasamtölum þannig að öllu starfsfólki sé ljóst hvert samstæðan í heild, einstök félög, svið og teymi stefna.

4 Stefnumiðuð verkefnamenning

Í samstæðu OR hefur rík áhersla verið lögð á stefnumiðaða menningu. Í því skyni hefur margt áunnist á síðastliðnum árum og enn er unnið ötullega að menningarbreytingu. Áhersla hefur verið lögð á *verkefnamenningu* sem er mikilvæg fyrir áframhaldandi þróun stefnumiðaðrar stjórnunar í samstæðunni. Forgangsröðun verður auðveldari með agaðri vinnubrögðum og betri tenging næst við skýr lykilmarkmið og lykilmælikvarða.

Á yfirstandandi ári var sett saman námskeið fyrir allt starfsfólk og nýliða um stefnumiðaða stjórnun. Þá voru gerð myndbönd þar sem forstjóri lýsir heildarstefnu samstæðunnar og framtíðarsýn. Einnig voru tekin upp viðtöl við framkvæmdastjóra dótturfélaga þar sem þau lýsa stefnu hvers félags varðandi það hvernig þau uppfylla sitt hlutverk innan heildarstefnunnar og styðja vegferð samstæðunnar í átt að framtíðarsýninni.

Öll sú vinna sem farið hefur fram innan samstæðu OR er til þess fallin að styrkja stefnumiðaða hugsun og tengja hinn æðri tilgang samstæðunnar, framtíðarsýnina um aukin lífsgæði samfélagsins, inn í dagleg störf. Heimurinn er breyttur og samskipti fólks eru öðruvísi en þau voru áður fyrr. Samstæðan hefur þá sýn að vera eftirsóknarverður vinnustaður og mannauðsrannsóknir hafa sýnt fram á það að ungt fólk sem er að koma inn á vinnumarkaðinn vill tilgang með störfum sínum. Innan OR samstæðunnar hefur það verið skilgreint hvers konar menningu hún stendur fyrir og eru nýjar og ferskar hugmyndir til þess fallnar að fá starfsfólk til að hugsa út fyrir kassann.

4.1 Umfjöllun um stefnumiðaða menningu OR hérlendis og erlendis

Stefnumiðuð menning OR samstæðunnar hefur vakið nokkra athygli hérlendis sem og erlendis. Á árinu leituðu til OR forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana um kynningu á þeirri forystu um stefnumiðaða stjórnarhætti og það starf sem unnið hefur verið því tengt innan samstæðunnar. Það er til samræmis við eigendastefnu samstæðunnar enda er rík áhersla lögð á gagnsæi og að vera til fyrirmyndar og í forystu um góða stjórnarhætti. Tafla 1 hefur að

geyma yfirlit, tilvísanir og tengla í útgefið efni sem byggir á eigendastefnu og stefnumiðaðri stjórnun innan samstæðunnar.

Ár	Greinar, viðtöl og útgefið efni
2018	Jonsdottir, G.E. (2018). A Question of Trust: The Story of Reykjavik Energy. In: <i>The Return of Trust? Institutions and the Public after the Icelandic Financial Crisis</i> . Ed. Sigurjonsson, T.O., Schwarzkopf, D.L. and Bryant, M. Bingley: Emerald Group Publishing 2018, p. 129-150.
-	Runólfur Smári Steinþórsson, Guðrún Erla Jónsdóttir og Bjarni Snæbjörn Jónsson. (2018). Stefnumiðaðir stjórnarhættir: Dæmi frá Orkuveitu Reykjavíkur. <i>Tímarit um viðskipti og efnahagsmál</i> , 15(2), 21-45.
2019	Jónsdottir, G.E. (2019, 02.09.). Stefnumiðaðir stjórnarhættir. <i>Vísir</i> . Slóð: https://www.visir.is/g/2019190909873/stefnumidadir-stjornarhaettir
-	Jonsdottir, G. E. (2019). Strategic corporate governance: Corporate governance balances the interests of a company's many stakeholders with those of the community in a responsible manner. <i>Bold Strategy Magazine</i> , 1, september 2019.
-	Forbes Insights and Brightline Project Management Institution (2019). <i>Reykjavik Energy Group</i> , case study. Slóð: https://www.forbes.com/forbes-insights/our-work/reykjavik-energy-group/
2020	Jonsdottir, G. E., Sigurjonsson, T. O., & Poulsen, T. (2020). Ownership Strategy: A governance mechanism for collective action and responsible ownership. <i>Corporate Ownership and Control</i> , 17(3), 34–45.
-	Rachlin, M. (2020, 14.08.). <i>Strategiprocessen har fået sin egen GPS</i> , Børsen. Slóð: https://borsen.dk/sponsoreret/strategiprocessen-har-faaet-sin-egen-gps

Tafla 1: Útgefið efni sem byggir á stefnumiðuðum stjórnarháttum og innleiðingu eigendastefnu í samstæðu OR.

Leitað hefur verið til OR um gerð tilviksrannsókna/raundæmis (e. case study) um stefnumiðaða stjórnarhætti, þar sem OR er stillt upp sem fyrirmyndardæmi um stefnumiðaða stjórnun og menningu. Má þar nefna dæmi sem birtist á vegum Forbes Insights í samstarfi við Brightline Project Management Institute undir lok ársins 2019. Skýrslan var birt á heimasíðu og samfélagsmiðlum Forbes, sem ná til milli 10 og 15 milljóna fylgjenda á LinkedIn og Twitter (sjá vefslóð í töflu 1).

Þá var einnig haldin á árinu málstofa um græn skuldabréf og reynslu samstæðu OR af þeim. Sú málstofa tengist raundæmi sem var skrifað um OR og unnið í samstarfi við IESE viðskiptaháskólann í Barcelona. Dæmið var gefið út í gagnagrunni Harvard og hafa þúsundir aðgengi að dæminu til kennslu og fróðleiks. Þetta tiltekna dæmi er jafnframt hluti af doktorsrannsókn sem unnið er að um eigendastefnu. Í grein sem er hluti af sömu doktorsrannsókn og birtist í tímaritinu *Journal of Corporate Ownership and Control* á árinu kemur fram að eigendastefna virkar sem samtarfssáttmáli eigenda, stuðlar að langtímaáherslu þeirra og samstillingu. Í hnotskurn má segja að eigendastefna sé grunnur fyrir það sem kallað hefur verið

ábyrgt eignarhald (e. responsible ownership). Sem slíkt, bendir það til nýrra strauma í rannsóknum á stjórnarháttum fyrirtækja (Jonsdóttir, Sigurjonsson & Poulsen, 2020).

Þá má einnig nefna að danska viðskiptablaðið Børsen (Rachlin, 2020) birti viðtal við stefnustjóra um miðbik ársins 2020 og sem hluta af grein þar sem einnig var tekið viðtal við Antonio Nieto-Rodriguez, höfund bókarinnar „The Project Revolution: How to succeed in a project driven world“. Sá hinn sami hélt vinnustofu undir lok ársins 2019 fyrir stjórnendur í samstæðu OR til undirbúnings þeirrar verkefnamenningar vegferðar sem samstæðan er á og sem miðar að því að byggja frekar undirstöður stefnumiðaðra stjórnarháttanna samstæðunnar, varnarlínu og innra eftirlit sem rætt er um næst.

4.2 Stefnumiðaðir stjórnarhættir í annarri varnarlínu og innra eftirlit


Til að innleiða eigendastefnu OR og tryggja samræmi í stefnumörkun hefur verið útbúið ferli sem fylgt er og er hluti af gæðastjórnun og áhættustjórnun í samstæðunni. Innan þessa ferlis, sem ber heitið Markmiðsferli, er tilgreind ábyrgð annarrar varnarlínu. Sérstaða þessarar varnarlínu er sú að hún er ekki beinn hluti framlínunnar. Hún hefur það hlutverk að móta verklag og regluverk gagnvart viðkomandi málaflokki (stuðningsstefnu) þvert á samstæðuna, fylgja því eftir með vöktun, eftirliti og skýrslugerð til stjórnenda og stjórna félaganna. Vöktunar- og eftirlitshlutverk þessara ábyrgðaraðila er afar mikilvægt til að fylgja eftir framgangi og styðja stjórnendur við að sinna innra eftirliti, t.d. með skipulegri vöktun og ráðgjöf. Innra eftirlit miðar að því að fyrirtæki nái settum markmiðum og er innbyggt í dagleg störf í fyrirtækinu og hluti af verkferlum og aðgerðum starfsfólks á öllum stigum skipulagsheildarinnar. Í skýrslu Innri endurskoðunar um vinnustaðamenningu samstæðunnar sagði árið 2018 um innleiðingu eigendastefnu og stefnumiðaða stjórnun:

Stjórn OR og dótturfélaga og stjórnendur leiða eigendastefnuna markvisst í gegnum allar skipulagsheildir með heildarstefnu og útfærðum stuðningsstefnum sem sæta árlegri rýni á vettvangi stjórnar móðurfélagsins og stjórna dótturfélaganna. Þannig hefur verið lagður grunnur að stefnumiðaðri stjórnun innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og sú heildarstefnumótun sem farið hefur fram er til þess fallin að styrkja eftirlitsumhverfi fyrirtækisins³.

Markmiðsferli samstæðunnar er mælt ár hvert og því fylgt eftir að stefnur séu rýndar af stjórnnum. Mynd 6 sýnir yfirlit yfir stefnur samstæðunnar og eru þær rýndar í stjórnnum hvers félags, utan stefnu um samfélagsábyrgð, samskiptastefnu og stefnu um skjala- og upplýsingastjórnun sem gilda fyrir

³ Innri endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur. (2018). *Vinnustaðamenning og mannauðsmál hjá Orkuveitu Reykjavíkur*. Sótt 19.11.2018 af <https://www.or.is/um-or/frettir-og-tilkynningar/god-vinnustadarmenning-hja-or-abendingar-um-urbaetur>

samstæðuna í heild og eru rýndar hjá móðurfélagi. Þá eru þrjár stefnur sem fara til eigenda til staðfestingar, en það eru arðgreiðslu-, arðsemis- og áhættustefna.



Mynd 6: Stefnuyfirlit OR samstæðunnar og mæling markmiðsferlis.

Allar stefnur samstæðunnar eru rýndar árlega til samræmis við áætlun og er það gert til að tryggja það að stefnur úreltist ekki og að tekið sé á áskorunum sem kunna að koma upp. Þess vegna eru á sama tíma rýnd markmið, mælikvarðar og stefnuverkefni sem miða að innleiðingu stefnunnar. Rýni stefnu fer í fyrstu fyrir svokallað Stefnumráð, svo fyrir stjórn OR og í kjölfarið stjórnir dótturfélaga. Áskoranir eru samfara þessari markmiðadradifnu sjónlínu eða samstillingu (e. alignment). Í könnun á árangri í innleiðingu á stefnu sem Brightline gerði árið 2018-2019 meðal 500 stjórnenda stórfyrirtækja víða um heim sýndu niðurstöður viðvarandi vandamál við að innleiða fyrirliggjandi stefnu með árangri⁴.

⁴ Bjarni Snæbjörn Jónsson. (2019, 13. ágúst). Brúin yfir gjána. Vísir, slóð: <https://www.visir.is/g/2019721182d> sótt 02.10.2020

- 59% viðurkenndu að innan fyrirtækis þeirra „kæmu oft upp vandræði þegar brúa þyrfti bilið á milli stefnumótunar og daglegra verkefna og breytinga sem henni fylgja og krefjast athygli stjórnenda og starfsmanna“.
- Aðeins um 11% fyrirtækja nýta formleg og stafræn stjórn tæki til þess að fylgja eftir innleiðingu á stefnuverkefnum og þeim árangri sem þeim er ætlað að skila, á sama tíma og þau nota öll þesskonar stjórn tæki til eftirlits fjárhagsáætlana.
- 92% fyrirtækja vakta ekki með heildrænum hætti þá lykilárangursmælikvarða sem eru leiðandi um framtíðarárangur. Flest láta sér nægja fjárhagslega mælikvarða og þá mælikvarða aðra sem eru aðgengilegir hverju sinni.
- Eigi að síður telja 85% stjórnenda að árangursrík framkvæmd stefnu sé lykilatriði til þess að tryggja samkeppnishæfni fyrirtækja og 80% stjórnenda telja þörf fyrir betri aðferðir og stjórn tæki til þess að fylgja eftir innleiðingu stefnu og tilheyrandi árangri.

Framangreindar niðurstöður eru tilefni til að bretta frekar upp ermar og viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í stefnumiðaðri stjórnun innan samstæðu OR og leita áfram allra leiða til að gera betur.

5 Lokaorð

Skýrsla um framfylgd eigendastefnu, sem skrifuð er árlega, hefur að geyma yfirlit yfir helstu áherslur hvers árs sem unnið hefur verið að til að fylgja eftir stefnu eigenda. Eigendastefnan er skýrt leiðarljós allrar starfsemi samstæðunnar og byggja stjórnarhættir hennar á því að innleiðing stefnunnar í allt starf samstæðunnar sé tryggð. Rannsóknir hafa sýnt fram á að innleiðing stefnu sé mikilvæg en jafnframt mörgum áskorunum háð. Samstæða OR hefur einsett sér að innleiða stefnumiðaða menningu sem byggir á innleiðingu eigendastefnunnar. Stjórnarhættir, stefnumótun og markmiðasetning sem og öll stjórnun í samstæðunni byggir á þessu og því er vísað til innleiðingar eigendastefnunnar sem stefnumiðaðra stjórnarháttanna.

Samstæða OR starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á fimm þeirra; Jafnrétti kynjanna, hreint vatn og hreina salernisaðstöðu, sjálfbæra orku, ábyrga neyslu og framleiðslu auk aðgerða í loftslagsmálum. Samstæðan vinnur jafnframt að fimm skilgreindum markmiðum til ársins 2023 með aukin lífsgæði að leiðarljósi. Fjárhagsleg skýrslugjöf samstæðu OR greinir frá þessum markmiðum til viðbótar við fjárhagsupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu og þróun samstæðunnar.

Rannsókn sem gerð var þar sem eigendastefna OR var notuð sem raundæmi sýndi fram á að í hnotskurn má segja að hún sé grunnur fyrir það sem nýir fræðilegir straumar innan stjórnarháttanna fyrirtækja kalla *ábyrgt eignarhald* (e. responsible ownership) og samstillingu eigenda (e. collective action).

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 296
Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri
Dagsetning: 22. október 2020
Efni: **Umhverfismál fyrir stjórn OR 26. okt. 2020. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“**

Heiti mælikvarða	2017				2018				2019				2020			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi CarbFix í gildi og uppfyllt																
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*3.ÁF: Varmamengun í lindum við Þingvallavatn v. Nesjavelli, 2x rennsli á yfirfall Hellisheiði, 2x lofthreinsistöð ekki á fullum afköstum, heitt vatn út í umhverfið v Nesjavelli

Opinber leyfi ON, Veitna og CarbFix í gildi og uppfyllt

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakílsárvirkjun. Gert ráð fyrir að vinna að bakkavörnum í Andakílsá samhliða hreinsun aurs úr inntakslóni virkjunarinnar.

Vetnisstöð við Hellisheiðarvirkjun. Umhverfisstofnun hefur framlengt tímabunda undanþágu frá starfsleyfi vegna þróunarstarfs fram í janúar nk.

Tilkynningar til leyfisveitenda. Ekkert nýtt.

Samskipti við hagsmunaaðila. Fundir haldnir í nóvember nk. með samráðshópi landeigenda við Skorradalsvatn og Andakílsá og með hagsmunaaðilum jarðgufuvirkjana.

Staða auðlinda. Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar OR um forðagæslu.

VEITUR:

Fráveita:

- Tilkynnt um viðhald í skólþælustöðinni við Faxaskjól til leyfisveitenda. Skólþæll rann ekki í sjó.
- Olía barst í hreinsistöðina við Klettagarða og lagði megna lykt um stöðina. Ólían kom frá notanda í fráveitukerfinu. Tilkynnt til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem sendi í kjölfarið út fréttatilkynningu þar sem fyrirtæki voru m.a. hvött til að kanna ástand olíuskilja og tryggja að búnaðurinn virki.

Vatnsveita. Ekkert nýtt.

Hitaveita:

- Um 20 L af glussa láku niður við borun í Bolholti og voru hreinsaðir upp. Tilkynnt til leyfisveitenda.
- Leki kom að Reykjaæð í Mosfellsbæ og rann um ræsi við Vesturlandsveg. Tilkynnt til leyfisveitenda.

Rafveita. Ekkert nýtt.

Staða auðlinda. Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar OR um forðagæslu.

CARBFIX:

- Skipulags-, umhverfis- og leyfisveitingaferli sett upp vegna umsóknar til Innovation Fund um stórfellda kolefnisförgun.
- Sjá einnig undir „Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl.“ að neðan.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Styrkur brennisteinsvetnis hefur verið undir viðmiðunarmörkum það sem af er ári.

Loftslagsmál

- Kolefnisreiknir OR og Eflu tilnefndur til loftslagsverðlauna Festu og Reykjavíkurborgar.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl.

- Drög að frumvarpi til laga um föngun, flutning og varanlega geymslu koldíoxíðs neðanjarðar hafa verið birt í [samráðsgátt stjórnvalda](#). Um er að ræða innleiðingu tilskipunar ESB 2009/31/EB um kolefnisföngun og geymslu á koldíoxíði á þann veg að föngun og geymsla þess verði heimil á íslensku yfirráðasvæði. Frumvarpið tekur mið af áherslum og ábendingum OR samstæðu.

Mat á umhverfisáhrifum. Veitur taka þátt í umhverfismatsferli Faxaflóahafna vegna framtíðarþróunar Sundahafnasvæðis.

Endurvottun ISO 14001 umhverfisstaðalsins er í höfn. Úttektin er okkur hvatning til frekari úrbóta.

Umhverfisvakning:

- Fundir umhverfisstjóra ON með verkplönurum, vaktstjóra og starfsfólki virkjana og tækniþróun ON í október þ.a. umhverfismál komi betur inn í framkvæmdir og eftirlit. Umhverfismál verða hluti af stuðningsferðum stjórnenda.
- Námskeið um umhverfismál haldið fyrir verktaka Climeworks í október.

Ábendingar og kvartanir vegna umhverfismála frá áramótum

Tilkynningar til leyfisveitenda:

Líkur á að styrkur brennisteinsvetnis fari yfir mörk og viðhaldsstopp í lofthreinsistöð (ON)	3
Losun jarðhitavatns á yfirfall við Helligheiðarvirkjun og Hverahlíð (ON)	4
Losun á heitu vatni út í umhverfið við Nesjavelli (ON)	1
Losun á heitu vatni út í umhverfið (Veitur)	4
Losun á skólpi í sjó um yfiröll í fráveitu og um neyðarútrásir (Veitur)	9
Lón (Veitur og ON)	3
Leki á einangrunarmiðlinum og gróðurhúsalofttegundinni SF ₆ (Veitur)	1
Blástur á borholum (ON)	1
Alls	26

Ábendingar frá viðskiptavinum:

Brennisteinsvetni (ON)	1
Umgengni (Samstæða OR)	13
Andakílsárverkun (ON)	2
Alls	16

Ábendingar frá starfsfólki:

Umgengni, veggjakrot, sláttur, aðstaða	15
Flokkun úrgangs	1
Varasöm efni	12
Alls	28

Hættuleg hegðun og umhverfisskaði á og við verndarsvæði og önnur viðkvæm svæði

Útafakstur án olíumengunar	3
Útafakstur með olíumengun	1
Olíu- og glussaleki af tækjum	3
Akstur utan vega og rask	1
Alls	8

MINNISBLAÐ UM FORÐAGÆSLU

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri


Sendandi: Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar

Dagsetning: 21.10.2020

Auðlindamælikvarðar

Auðlindamælikvarðar eru uppfærðir tvisvar á ári að vori og hausti. Þeir hafa nú verið uppfærðir samkvæmt stöðu og horfum svæðanna.

Háhati




Mynd 1: Mælikvarði um stöðu auðlinda Hellisheiðarvirkjunar hefur lækkað frá fyrri uppfærslu í apríl 2020 og reiknast nú 4,25.

Hellisheiðarvirkjun

Mælikvarði um stöðu auðlinda Hellisheiðarvirkjunar hefur lækkað frá fyrri uppfærslu í apríl 2020 og reiknast nú 4,25. Ástæða lækkunarinnar er lækkun á einkunn fyrir niðurdrátt því árlegur niðurdráttur er umfram 1,5 bar í holu HE-21 í Hverahlíð. Þetta mat byggir á eftirlitsmælingu 2020 og nýju mati á eldri eftirlitsmælingum úr holunni. Staða annarra mælikvarða helst óbreytt. Enn er dregið niður fyrir vinnsluþéttleika vegna þess að massavinnsla er umfram 200 kg/s/km² á tveimur svæðum, á Skarðsmýrarfjalli og á gossprungu á miðju vinnslusvæði Hellisheiðar og áhrif niðurdælingar vegna þess að niðurdæling er ennþá of mikil innan vinnslusvæðisins í HE-13 og HE-40. Ný niðurdælingarhola sem verður tekin í notkun í október 2020 mun að öllum líkindum laga ástandið og unnt verður að draga úr niðurdælingu innan vinnslusvæðisins.


Nesjavallavirkjun

Mælikvarði um stöðu auðlinda Nesjavallavirkjunar helst óbreyttur frá fyrri uppfærslu vorið 2020 og reiknast enn 4,25. Enn er dregið niður fyrir vinnsluþéttleika vegna þess að massavinnsla er umfram 200 kg/s/km² við gossprungu á miðju vinnslusvæði virkjunarinnar og áhrif niðurdælingar og vatnsból eru bæði dregin niður vegna þess að hitastig í lindum við Þingvallavatn er enn of hátt þrátt fyrir minni yfirborðslosun. Ekki eru komnar vísbendingar um að aðgerðir síðustu ára til að minnka yfirborðslosun séu að koma fram við Þingvallavatn og Grámel.



Mynd 2: Mælikvarði um stöðu auðlinda Nesjavallavirkjunar helst óbreyttur og reiknast enn 4,25.

Lághiti




Þrjú svæði hækka í þessari uppfærslu og ekkert lækkar enda mikið og gott starf búið að vera í gangi í hitaveitunni síðustu misseri. Höfuðborgarsvæðið var áður dregið niður fyrir forða en með tilkomu nýrrar varmastöðvar uppi á Hellisheiði og sumarhvíld lághitasvæðanna var einkunin hækkuð upp í 5. Vatnsstaða í lághitasvæðum er betri en fyrir seinasta vetur. Mikilvægt er að ná að koma auknu framboði af virkjanavatni í ný hverfi. Þar mæðir mest á að skipta Árbæ yfir úr lághitavatni en það er þó vandkvæðum bundið vegna bakrásarvatns. Vinna er í gangi við að leysa það fyrir veturinn. Austurveita var einnig hækkuð þar sem nýjar mælingar sýna að vatnsborð í jarðhitasvæðinu stendur hærra en áður var talið ásamt því sem búið er að síkka dælur. Í Rangárveitum er enn dregið niður fyrir forða en einkunn fyrir vatnsborð hækkar því hermireikningar sýna að vatnsborðslækkun í Kaldárholti sem sést hefur undanfarin ár stafar fyrst og fremst af lækkun í vatnsborði innan holunnar vegna aukinnar vinnslu en ekki vegna lækkandi vatnsborðs í jarðhitakerfinu. Þó svo að forðamál séu ekki leyst í veitunni er staðan engu að síður betri en fyrir seinasta vetur þar sem vatnsborð í Laugalandskerfinu er verulega mikið hærra en á sama tíma í fyrra og búið er að síkka dælu og auka við dælugetu í bæði Laugarlandi og Kaldárholti. Unnið hefur verið að stefnuverkefni um framtíðarsýn forðamála fyrir Rangárveitu og það verður kynnt fyrir stjórn í nóvember.

Í Hveragerði er dregið niður fyrir gögn, vatnsborð og kælingu. Djúpdæla er komin í aðra aðalvinnsluhölu veitunnar. Djúpdælunni fylgir búnaður sem skráir rennsli, hita og vatnsborð í holunni. Jafnframt mun árangursrík lekaleit sem framkvæmd var í veitunni í ár og hreinsun á varmaskiptum í Hveragerði í sumar styðja við að jarðhitaauðlindin nýtist betur í vetur. Engu að

síður er skráning gagna um vinnslu, hitastig og þrýsting í öðrum vinnsluholum er enn ekki nógu góð og því ekki unnt að hækka einkunnir. Þörf á heilstæðri úttekt á úrbótum um skráningu forðagagna. Þessi úttekt þarf að byggjast á ákvörðunum Veitna um hvernig uppbyggingu hitaveitunnar verður háttáð á næstu árum til að forgangsraða úrbótum og verður hluti af stefnuverkefni um framtíð forðamála 2021. Að lokum er Grímsnesveita er dregin niður fyrir gagnaskort en verk til að bæta úr því er í farvegi.

Neysluvatn



Eitt svæði hækkar í þessari uppfærslu en það er vatnsbólið Hafnir en þar hækkar gæðaeinkunin. Sýni tekin í september 2020 sýndu góð vatnsgæði í þeim lindum sem tengdar eru og lýsingartæki hefur verið tengt á svæðinu.

Grábrókarveita lækkar niður í 4 í ljósi gruggvandamála með veituna undanfarið. Mikil úrbótavinna hefur verið unnin í veitunni í kjölfar gerlamengungar í október 2019. Nýjar síur voru gangsettar og lýsingartæki sett upp, sýnataka stóraukin og rannsóknir framkvæmdar í borholum í hrauninu og á lindasvæðum. Lýsingartækið hefur sannað sig en síur virðast því miður ekki standa sig nógu vel. Mikil úrbótavinna er í gangi vegna þessa.

Fimm önnur vatnsból ná ekki fullu húsi stiga. Á Akranesi er vatnsbólið í Berjadalsá opið og erfitt er að takmarka umferð í nágrenninu vegna deilna við landeigenda. Hafin er vinna við frekari forðaöflun fyrir veituna en óvíst er enn með tímalínu. Verið er að setja af stað stefnuverkefni um forðamál vatnsveitu Reykjavíkur og Akraness og gert er ráð fyrir að ljúka því í vetur. Í Heiðmörk stendur enn ógn að vatnsvernd en mikil vinna er í gangi til að gæta hagsmuna vatnsins á svæðinu. Í Grundarfirði er nýtt aðalskipulag með stækkuðum vatnsverndarsvæðum á lokametrinum. Á Seleyri er nálægð við þjóðveg 1 ógn við vatnsvernd og á Hvanneyri er ekki búið að semja um varanlega lokun á grjótnámu í nágrenni vatnsbólsins ásamt því að dýrahald er í nágrenninu.

Viðauki – einkunnagjöf

Einkunnagjöf fyrir háhitamælikvarðann skiptist í tvo flokka; Heilbrigði auðlinda í dag og Horft til framtíðar. Skilgreiningar á einkunnargjöfum hvers undirflokks má finna hér að neðan. Heildareinkunn er reiknuð út frá einkunnum undirflokka tilheyrandi svæðis.

Flokkur	Undirflokkur	5 – góð staða	3 – varhugaverð staða	1 – alvarleg staða
Heilbrigði auðlindar í dag	Vermi	Vegið meðalvermi unnins vökva hærra en 1400 kJ/kg og árlegar breytingar minni en 50 kJ/kg	Vegið meðalvermi unnins vökva lægra en 1400 kJ/kg eða árlegar breytingar meiri en 50 kJ/kg	Vegið meðalvermi unnins vökva lægra en 1400 kJ/kg og árlegar breytingar meiri en 50 kJ/kg
	Vinnsluþéttleiki	Massavinnsla minni en 200 kg/s/km ² og meðalmassavinnsla á svæðinu minni en 50 kg/s/km ²	Massavinnsla meiri en 200 kg/s/km ² eða meðalmassavinnsla á svæðinu meiri en 50 kg/s/km ²	Massavinnsla meiri en 200 kg/s/km ² og meðalmassavinnsla á svæðinu meiri en 50 kg/s/km ²
	Þrýstiniðurdráttur	Árlegur niðurdráttur í eftirlitsholum minni en 1,5 bar	Árlegur niðurdráttur meiri en 1,5 bar í einni eftirlitsholu	Árlegur niðurdráttur meiri en 1,5 bar í tveimur eftirlitsholum eða fleiri
	Hiti í kerfinu	Árleg kólnun í eftirlitsholum minni en 1°C og árleg meðalkólnun kvars-hitamælis s.l. 5 ár minni en 1°C	Árleg kólnun í eftirlitsholum meiri en 1°C eða árleg meðalkólnun kvars-hitamælis s.l. 5 ár meiri en 1°C	Árleg kólnun í eftirlitsholum meiri en 1°C og árleg meðalkólnun kvars-hitamælis s.l. 5 ár meiri en 1°C
	Áhrif niðurdælingar	Niðurdæling á sér stað án neikvæðra áhrifa á auðlind og umhverfi/samfélag.	Niðurdæling veldur neikvæðum áhrifum á auðlind eða umhverfi/samfélag.	Niðurdæling hefur neikvæð áhrif á auðlind og umhverfi/samfélag.
	Staða vatnsból	Gæði, forði og aðgengi tryggð til langrar framtíðar	Líkur eru á að vinnsla sé of ágeng, gæði vatns hafa minnkað eða vatnsbólum stafar ógn af framkvæmdum, starfsemi eða umferðar	Vatnsból stendur ekki undir núverandi vinnslu til framtíðar eða viðvarandi gæðavandamál
Horft til framtíðar	Forði til 10 ára	Spáreikningar gefa til kynna að núverandi vinnsla standi undir sér til 10 ára að teknu tilliti til fyrirliggjandi aðgerða í orkuöflun og niðurdælingu	Spáreikningar gefa til kynna að núverandi vinnsla standi ekki undir sér eða að fyrirliggjandi aðgerðir í orkuöflun og niðurdælingu dugi ekki til að bæta úr stöðunni	Spáreikningar gefa til kynna að núverandi vinnsla standi ekki undir sér og að fyrirliggjandi aðgerir í orkuöflun og niðurdælingu dugi ekki til að bæta úr stöðunni
	R&P verkefni til framtíðar	Verkefni eru skilgreind, unnið skv. áætlun sem horfir til 10 ára og lengur og fjármagn tryggt	Verkefni sem horfa til 10 ára og lengur eru skilgreind en ekki hafin og fjármagn ekki tryggt	Verkefni sem horfa til 10 ára og lengur eru ekki skilgreind, ekki hafin og fjármagn ekki tryggt

Einkunnagjöf í lághita:

Hámarkseinkunn er 5, þá er jarðhitasvæði í jafnvægi og ekki fyrirsjáanlegur skortur á forða á næstu árum. Dregið er frá eitt stig fyrir sérhvert eftirfarandi atriði:

- Gögn eru ófullnægjandi
- Vatnsborð fer lækkandi
- Kælingar eða breytinga á efnainnihaldi verður vart
- Forðaskortur er fyrirsjáanlegur

Einkunnagjöf í neysluvatni:

Hámarkseinkunn er 5, þá er staða vatnsból góð, gæði tryggð og ekki er fyrirsjáanlegur skortur á forða á næstu árum. Dregið er frá eitt stig fyrir sérhvert eftirfarandi atriði:

- Gögn eru ófullnægjandi
- Forðaskortur er fyrirsjáanlegur
- Gæði vatns hafa minnkað
- Vatnsbólum stafar ógn af framkvæmdum, starfsemi og/eða umferð